

## Reglur varðandi leiguhúsnæði hjá Norðurþingi

1. Forsenda þess að fá á leigu íbúðarhúsnæði hjá sveitarfélaginu Norðurþingi er að leigutaki undirriti yfirlýsingu þess efnis að hann heimili að mánaðarlegar húsaleigubætur sem hann á rétt á hjá sveitarfélaginu eða öðru sveitarfélagi vegna leigusamningsins greiðist beint inn á viðskiptareikning hans hjá Norðurþingi, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 138/197, um húsaleigubætur. Húsaleigubætur sem Norðurþing greiðir skulu dragast beint frá mánaðarlegri húsaleigu. Yfirlýsingin er bindandi og óafturkræf meðan leigutaki fær greiddar húsaleigubætur vegna leigusamningsins.
2. Leigusamningar um íbúðarhúsnæði sem Norðurþing ráðstafar sem leigusali, skulu auk annarra ákvæða hafa að geyma eftirfarandi reglur:
  - a. Hafi húsaleiga verið í vanskilum í 3 vikur er leigutaka sent aðvörunarbréf (sem símskeyti) þar sem honum er bent á að hafa samband við félagsþjónustuna og semja um skuld sína innan 2ja vikna frá dagsetningu bréfsins.
  - b. Sinni leigutaki ekki þeirri aðvörun innan tímamarka er honum send lokaad்வörun í ábyrgðarpósti um að semja um skuld sína eða gera hana upp, innan 2ja vikna, ásamt viðvörun um að riftun kunni að verða beitt verði leigu ekki komið í skil, allt í samræmi við lög um húsaleigu nr. 36/1994.
  - c. Verði leigutaki ekki við þeirri aðvörun verður leigusamningi rift.
  - d. Ef leigutaki rýmir ekki íbúðina innan gefins frests mun sveitarfélagið höfða mál fyrir dómi og krefjast úrskurðar dómara þess efnis að leigjandinn verði borinn út úr húsnæðinu.
3. Lendi leigutaki í vanskilum með húsaleigu skal samkomulag um uppgjör ógreiddra gjalddaga háð því skilyrði að leigutaki undirriti yfirlýsingu þar sem hann heimilar að mánaðarlegar húsaleigubætur, sem hann kunni að eiga rétt á hjá sveitarfélaginu, greiðist beint inn á viðskiptareikning hans hjá Norðurþingi til greiðslu eldri leiguskulda og eftir það skuli ráðstafa þeim á móti áfallandi gjalddögum. Húsaleigubæturnar skulu dragast beint frá mánaðarlegri húsaleigu.
4. Endurnýjun leigusamnings skal háð sömu skilyrðum og gilda við gerð nýs samnings, sbr. 1. tölulið